

Viðbrögð við meintri óviðeigandi framkomu starfsmanns gagnvart barni, nemanda eða ungmenni í leikskóla, grunnskóla eða frístundastarfi.

1. Tilgangur og gildissvið:

Tilgangur vinnulýsingarinnar er að tryggja rétt viðbrögð stjórnenda og starfsfólks á starfsstöðvum skóla og frístundasviðs þegar kvörtun berst vegna meintrar óviðeigandi framkomu starfsmanns gagnvart barni, nemanda eða ungmenni í leikskóla, grunnskóla eða frístundastarfi. Vinnulýsingin nær yfir allar starfsstöðvar og aðalskrifstofu skóla – og frístundasviðs.

2. Ábyrgð:

Sviðsstjóri ber ábyrgð á því að unnið sé samkvæmt vinnulýsingunni. Mannauðsstjóri ber ábyrgð á vinnu viðbragðsteymis SFS.

3. Tilvísanir


Skjöl:

SS-004 Barnaverndarlög nr. 80/2002.

Skrár:

SK-001 GoPro -> Viðskiptavinur: Skóla – og frístundaráð – fundargerðir

4. Framkvæmd



1. Tilkynning skv. 35 gr. barnaverndarlaga vegna meintrar óviðeigandi hegðunar starfsmanns gagnvart barni getur borist með tvennum hætti:

A) Með formlegum hætti til mannauðsstjóra SFS, eða ráðgjafa um samstarf foreldra og skóla eða verkefnisstjóra foreldrasamvinnu. Mannauðsstjóri greinir málið og hefur samband við starfsfólk barnaverndar Reykjavíkur. Hann boðar á fund skrifstofustjóra viðkomandi fagskrifstofu, lögfræðing mannauðsþjónustu og fulltrúa barnaverndar.

B) Til barnaverndar Reykjavíkur sem vinnur eftir eigin verkferli.

2. Á fundinum er ákveðið hverjir sinna málsmeðferð. Málsmeðferð vegna barns er unnin af barnavernd en málsmeðferð starfsmanns er unnin af SFS. Skipaður er ábyrgðarmaður málsins af hálfu SFS sem skráir það í Gopro (SK-001) undir viðskiptavininum *starfsstöð/tilkynning vegna meintrar óviðeigandi hegðunar starfsmanns gagnvart barni* og skráir þar öll gögn í framhaldinu er varðar SFS.

3. Stjórnandi starfsstöðvar tilkynnir málið formlega til barnaverndar sem síðan heldur utan um rannsókn þess. Barnavernd tekur ákvörðun um hvort vísa eigi málinu til lögreglu. Eftir atvikum getur yfirmaður starfsmanns í samráði við mannauðsstjóra vísað málinu til lögreglu. Út frá þeim upplýsingum sem liggja fyrir tekur mannauðsstjóri ákvörðun í samráði við yfirmann starfsmanns og barnaverndar um hvernig bregðast skuli við gagnvart starfsmanni á meðan á rannsókn stendur.

4. Barnavernd sendir niðurstöðu rannsóknarinnar skv. 35. grein barnaverndarlaga til SFS, foreldra barns, yfirmanns starfsmanns og tiltekins starfsmanns. Yfirmaður starfsmanns leiðbeinir honum varðandi vinnurétt, stéttarfélag og handleiðslu. Ef rannsókn leiðir í ljós að um brot sé að ræða ákveður mannauðsstjóri SFS í samráði við deildarstjóra kjaradeildar hvort veita eigi áminningu eða segja starfsmanni upp störfum skv. ákvæðum um réttindi og skyldur starfsfólks.

5. Ábyrgðarmaður máls tryggir að stjórnandi upplýsi starfsmann um þann stuðning sem völ er á hverju sinni og hugar að stuðningi við stjórnanda og annað starfsfólk á starfsstöðinni.

6. Ef starfsmaður er áfram í starfi kannar ábyrgðarmaður máls stöðuna eftir 3 mánuði. Sé það mat viðkomandi starfsmanns og yfirmanns hans að hlutirnir séu í eðlilegum farvegi lokar ábyrgðarmaður máls málinu í Gopro. Ef ekki, bregst ábyrgðarmaður máls við með viðeigandi hætti.